

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1712/95

frá 13. júlí 1995

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3378/94 <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1180/91 <sup>(3)</sup>, sem öðlaðist gildi 11. maí 1991, var 7. gr. a bætt við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2675/94 <sup>(5)</sup>, þar sem kveðið er á um að heiti sem er bætt við vörumerkingu varanna sem eru taldar upp í viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 1180/91 skuli einskorðast við vörurnar sem eru skilgreindar þar. Sökum misritunar er í þýsku útgáfunni af þessum viðauka vísað til bragðefna „Wacholder“ í stað „Jenever“ undir skilgrein-

ingunni á „Vruchtenjenever“ og er hún því ekki í samræmi við drögin sem álitíð, sem var lagt fram á grundvelli 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89, byggðist á.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Orðinu „Wacholder“ í 1. lið viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 1014/90 er hér með breytt í „Jenever“ í þýsku útgáfunni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 1995.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 366, 31. 12. 1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 115, 8. 5. 1991, bls. 5.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 285, 4. 11. 1994, bls. 5.